

um lausn kjaradeilu atvinnuflugmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Verkfall það, sem Félag íslenskra atvinnuflugmanna boðaði til frá og með 3. apríl 1965, er óheimilt frá gildistöku laga þessara að telja.

2. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kjör flugmanna á flugvélum, af gerðinni Rolls Royce — 400. Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur. Hann aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af þeim, sem dómurinn ákveður.

3. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun launa, vinnutíma og annarra starfskjara, hafa hliðsjón af kjörum annarra sambærilegra launþega hér á landi.

4. gr.

Verkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan en lög þessi ákveða, eru óheimil.

5. gr.

Ákvarðanir gerðardóms, samkvæmt 2. gr., skulu gilda frá gildistöku laga þessara til 1. febrúar 1966.

6. gr.

Kostnaður við gerðardóminn, þar á meðal laun gerðardómsmanna, eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá því 4. apríl 1965 hefur allt millilandaflug á hinum nýju millilandaflugvélum Loftleiða h/f, af gerðinni Rolls Royce — 400, stöðvazt, vegna vinnustöðvunar, sem Félag íslenskra atvinnuflugmanna boðaði til frá og með 3. s. m., til að knýja fram miklar kjarabætur til handa flugmönnum á umræddum flugvélum.

Þrátt fyrir milligöngu sáttasemjara ríkisins hefur samkomulag ekki náðst og virðist ljóst að samningar muni vart takast í brád.

Stöðvun á rekstri hinna nýju flugvéla veldur tilfinnanlegum truflunum á rekstri Loftleiða h/f. og mun spilla því álit, sem félagið hefur unnið sér á alþjóðavettvangi og stefna framtíð þess í voða, ef ekkert er að gert.

Það verður því að teljast þjóðarnauðsyn, að komið sé í veg fyrir frekari stöðvun umræddra flugvéla.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að verkfallið verði stöðvað og þriggja manna gerðardómi, tilnefndum af Hæstarétti, falið að ákveða kjör flugmanna á flugvélum af gerðinni Rolls Royce — 400.

Lagt er til, að ef frv. verður að lögum, gildi ákvarðanir gerðardómsins frá gildistöku laganna, til 1. febrúar 1966, en þá renna út kjarasamningar flugmanna á öðrum íslenskum flugvélum en Rolls Royce — 400.